

FISKASTOFNAR LAXÁR Á ÁSUM

drög

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1989

VMST-N/8908X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORDURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

FISKASTOFNAR LAXÁR Á ÁSUM

Tumi Tómasson
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar
Hólum í Hjaltadal

Drög rituð í apríl 1989 að beiðni Gísla Pálssonar á Hofi

INNGANGUR

Það eru fjölmargar ár á Íslandi sem heita því frumlega nafni Laxá, en fáar standa betur undir því en Laxá á Ásum. Þótt ekki liggi fyrir áreiðanlegar skýrslur um veiði í ánni nema síðustu áratugina, virðist ljóst að veiðin hefur ekki náð þeirri stærðargráðu sem hún er af í dag fyrr en í lok sjötta áratugarins. Fyrir utan lögð sem fylgdi hafísárunum um miðjan sjöunda áratuginn hefur veiðin oftast verið á bilinu 1000-1700 laxar (Tafla).

Þróun veiði í öðrum laxám í Húnavatnssýslum hefur verið með mjög svipuðum hætti og í Laxá, þó aukningin í laxveiði virðist hafa orðið með mesta móti í Laxá. Þetta kann að eiga sér þá skýringu að gagnstætt því sem er í nálægum ám er laxastofninn í Laxá fyrst og fremst smálax, þ.e. lax sem hefur dvalið eitt ár í sjó og er oftast 2-3 kg á þyngd. Tæp 30% veiðinnar eru stórlaxar, laxar sem hafa oftast dvalið tvö ár í sjó og eru 4-9 kg þegar þeir veiðast. Þetta hlutfall er um helmingi hærri í nærliggjandi ám.

Laxá á Ásum hefur nokkra sérstöðu meðal laxveiðiáa Húnavatnsýslna. Í fyrsta lagi á hún uppruna sinn í stóru stöðuvatni í byggð, Svínavatni og auk þess fellur hún í gegnum annað stöðuvatn, Laxárvatn, á leið sinni til sjávar. Ós hennar er í Húnavatni sem er ísalt sjávarlón. Auk Laxár falla Vatnsdalsá og Giljá í Húnavatn. Í öðru lagi er Laxá virkjuð og vatni miðlað bæði úr Svínavatni og Laxárvatni. Rafveitan tekur vatn sitt úr norðurenda Laxárvatns og frárennsli stöðvarinnar fer í Laxá í um miðja vegu milli Laxárvatns og Húnavatns.

Þessir tveir þættir hafa mikil áhrif á lífríki Laxár eins og vikið verður að síðar. Laxaframleiðsla ár grundvallast á vaxtar- og viðkomuskilyrðum fyrir lax í ánni og samkeppnisstöðu gagnvart þeim tegundum öðrum sem eru í sambýli í ánni. Áður en vikið er að útbreiðslu hinna ýmsu tegunda í Laxá er rétt að lýsa ánni og þá verður rætt um hvernig áin nýtist laxi og öðrum fiskum sem búsvæði.

LAXÁ SEM BÚSVÆÐI FISKA

Á vatnasvæði Laxár er að finna þær fimm tegundir fiska sem hafa náttúrulega útbreiðslu í ferskvatni á Íslandi, þ.e.a.s. lax, urriða, bleikju, hornsíli og ál. Hver þessara tegunda á sér sín kjörskilyrði, aðstæður sem hún getur nýtt sér betur til vaxtar og viðgangs en einhver hinna tegundanna. Þessi kjörskilyrði eru breytileg eftir því á hvaða skeiði æviferilsins einstaklingurinn er og því er nauðsynlegt að einblína ekki eingöngu á t.d. seiðaskeiðið þegar við metum skilyrði árinna til að fósra fisk.

Þar sem ein tegund er alsráðandi getur hún nýtt sér flestar gerðir búsvæðis, en séu tvær eða fleiri tegundir á sama svæði skipta þær því með sér samkvæmt þeim forsendum sem þær hafa til þess.

Til að geta betur áttað okkur á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu tegunda skulum við athuga Laxá sérstaklega með tilliti til þeirra þátta sem mestu máli skipta fyrir fiska, þ.e. botngerð og straumlag, hitafar, fæðuskilyrði og samgöngur við önnur svæði. Laxá má skipta í Efri Laxá milli Svínavatns og Laxárvatns, og Neðri Laxá frá Laxárvatni að Húnaós (Mynd).

Efri Laxá á upptök sín í Svínavatni, sem er stórt og djúpt og í um 120 metra hæð yfir sjávarmáli. Í vatnið falla nokkrar dragár, en Laxá sjálf flokkast sem lindá. Vatnið hefur ávalt temprað rennslið í Laxá og enn frekað svo eftir að sett var stífla í ósinn og vatnsmiölun komið á í tengslum við virkjunina. Fyrst í stað hindraði stíflan göngur fiska úr ánni í vatnið, en nú hefur verið þar fiskvegur í mörg ár.

Þótt vatnið sjálft sé fremur kalt og snautt fellur hlýjasta vatnið, þ.e. yfirborðsvatnið, á sumrin í Laxá og með því berast svifþörungar og svifdýr sem þrífast best í efstu lögunum. Það er því um að ræða töluverðan innflutning lífrænna efna í Laxá. Lífríki árinna endurspeglar þetta því efst í ánni er bitmý ríkjandi tegund. Bitmý aflar sér fæðu með því að sía lífrænar agnir úr vatninu. Bitmý eru fremur stórvaxin fæðudýr miðað við smávaxnar rykmýstegundir sem eru einkennisdýr í rýrari ám.

Fyrir neðan Svínavatn fellur áin á grunnri og smágýttri flúð á um 1 km kafla, en síðan breytir áin um svip, verður lygn og botngerðin um leið finni, víða sandur og leðja. Neðar eykst straumhraðinn aftur nokkuð og skiptast þá á grýttir brota-kaflar og lygnari breiður. Við brúna fer mól að verða ríkjandi botnefni og þar er staksteinótt og jafnvel grýtt á köflum niður í Laxárvatn. Laxárvatn er mun minna, grynna og frjósamara en Svínavatn. Þörungaframleiðslan í vatninu gefur vatninu grænan lit á sumrin. Það er í um 90 m.h.y.s. og er fallhæðin milli vatnanna því rúmir 30 m.

Náttúrulegt útfall Laxár er úr Laxárvatni suðvestanverðu. Þar var gerð stífla og vatnsmiölun þegar áin var virkjuð 1933. Fiskvegur sem gerður var við stífluna var nánast

óvirkur og var ekki almennilega fiskengt í vatnið fyrr en nýr stigi var gerður 1960. Rafstöðin tekur vatn í gegnum skurð úr norðurenda vatnsins og fer meirihluti rennslisins þar um. Frárennsli rafveitunnar er um ca 3 m breiðan og beinan skurð, út í Laxá (Mynd).

Frá Laxárvatni og niður að útfalli rafveitunnar er áin grýtt fyrir utan um 1 km kafla sem er nokkuð lygn með smá brotum í. Þar er Langhylur, einn gjöfulasti veiðistaður árinna. Jafnt og frekar lítið rennsli orsakar það að þessir hyljir fyllast upp smám saman, en til að viðhalda hyljum og grýttum botni þarf töluverð flóð með einhverju ára millibili. Aukin framræsla á mýrlendi við ána austanverða eykur enn á þetta vandamál.

Líkt og við útfall annarra stöðuvatna er lífríki mikið á þessum kafla árinna og mest rétt fyrir neðan vatnið. Á sumrin er hlýtt og lífránt yfirborðsvatn á ánni, en á veturna er hlutfall botnvatns líklega mest. Á þeim tíma er hlýjast næst botninum og þetta veldur því að í ánni vorar fyrr efst í ánni en þegar neðar dregur, öfugt við það sem almennt gerist. Neðar dregur úr þessum áhrifum aukins vetrarhita og loft-hitinn hefur meiri áhrif á hitafarið.

Sem heild er áin þó hlý, rennsli tiltölulega jafnt og áin frjósöm. Bitmý er áfram mikilvægasta fæðudýrið, en bobbar og rykmý eru einnig algeng fæðudýr.

Fyrir neðan rafveituskurðinn er áin áfram grýtt. Hún er mun meiri þar en ofar og í rafveituskurðinum og niður í ána gætir einnig aukins vetrarhita því virkjunin tekur ekki yfirborðsvatn. Þetta vatn er ekki eins ríkt af svifverum á sumrin og fyrir neðan Svínavatn og Laxárvatn en á móti kemur að í því er meira af næringarefnum. Það ásamt næringarefnaauðgun sem fylgja búsetu og landbúnaði, veldur því að mikill slýgróður er í Laxá fyrir neðan rafveituskurðinn.

Þegar kemur niður fyrir Sauðaneskvörnina verður áin aftur hallaminni og skiptast á straummeiri brot og strauminni breiður (stundum hyljir). Eftir því sem neðar dregur rennur áin lygnari, brotin verða færri og botngerðin finni. Fyrir neðan Holt er smá klapparhaft í ánni og þar fyrir neðan er hún aftur straummeiri og grýtt í botninn. Áin er þessu lík á um 2 km kafla, en fyrir neðan Húnstaði er kominn malarbotn í ána. Þar rennur hún á malarbotni í fremur straumhörðum kvíslum. Í straumnum er víða skrið á botninum en víða eru kílar og síki sem tengjast ánni. Á þessum neðsta kafla eru fremur smá fæðudýr, einkum rykmýstegundir, ríkjandi.

Útbreiðsla og viðgangur fisktegunda á vatnasvæði Laxár

Allar fisktegundir sem finnast í íslenskum ám og vötnum eiga það sammerkt að þar geta eða verða að dvelja hluta æviskeiðis síns í sjó. Hornsílið, bleikjan og urriðinn mynda þó einnig stofna sem dvelja alla ævina í ferskvatni. Í Laxá, eins og í

svo mörgum öðrum vatnahverfum, finnum við dæmi þessa alls. Hér að neðan verður getið hverrar tegundar fyrir sig og endað á laxinum sem oft hefur verið kallaður konungur fiska.

Allinn er fremur sjaldgæfur fiskur í Laxá. Hann hrygnir í Þanghafinu og lifur hans berast með straumum að ströndum Evrópu og tekur ferðalagið um tvö ár. Síðan breytast lifurnar í glerál sem gengur upp í ár og vötn þar sem hann verður gulleitur og vex þar til kynþroska er náð. Hann velur sér helst lygn svæði, grefur sig gjarnan í botninn, og er tækifærissinni í fæðuvali sem drýgir gjarnan kostinn með rotnandi jurta- og dýraleyfum. Allinn er hvergi algengur á Norðvesturlandi og líklega berast ekki margar lifur að ströndinni, þótt það geti verið áráskipti á því. Í Laxá er álinn helst að finna í síkjum sem tengjast ánni á neðsta hluta hennar, en hann er þó mun víðar. Í heildina tekið er hlutur hans í vistkerfinu smár.

Hornsílið keppir best í lygnu, hlýju og gróðursælu vatni. Það er því einkum útbreitt og algengt í Laxárvatni og með ströndum Svínavatns. Í Laxá er það helst að finna í lygnum þar sem hágróður er. Á slíkum svæðum má ganga að því vísu í Laxá, þ.e.a.s. á nokkrum kafla um 1 km fyrir neðan Svínavatn og svo aftur í síkjum og hyljum fyrir neðan Húnstaði. Hornsílið hefur hvorki sköpulag né sundeiginleika til að ráða við mikinn straum og það er straumhraði Laxár, umfram aðra þætti, sem er takmarkandi fyrir hornsílið.

Bleikjan er frumstæðust íslenskra vatnafiska. Hún er dæmigerður frumbýlingur og á sér útbreiðslu í ferskvatni norðar en nokkur önnur fisktegund. Hún þrífst vel við lægri hita en aðrar tegundir og getur nýtt sér fæðuðýr í leðjubotni og svifdýr betur en urriði og lax. Hún getur einnig hrygnt í kyrru vatni, en lax og urriði þurfa rennandi vatn til að hrygna í. Bleikjan er félagslyndur fiskur og hefur mikla aðlögunarhæfni. Hún keppir best við aðra laxfiska í köldu umhverfi og straumlitlu.

Útbreiðsla bleikju á vatnasvæðinu endurspeglar þessa eiginleika hennar. Hún er ríkjandi tegund í Svínavatni þar sem hún skiptist í murtu, sem er smávaxin alla ævi, verður oftast 100-150 g, og botndýraætu sem nærast mest á vatnabobbum og rykmýslirfum og nær oftast 300-400 g þyngd.

Efst í Laxá rekst maður af og til á bleikju sem hefur komið ofan úr vatninu. Annars lýtur bleikjan í lægra haldi fyrir urriða og laxi þar, því áin er bæði hlý auk þess sem straumlag hennar hentar þessum tegundum vel.

Í Laxárvatni er einnig sterkur bleikjustofn. Vatnið er of grunnt til að bleikjan geti sérhæft sig í nýtingu mismunandi hluta þess. Hún er almennt smávaxin í vatninu, algeng stærð er 200-300 g. Í Laxárvatni er hennar skæðasti keppinautur um fæðuna líklega hornsílið.

Í Neðri Laxá er nánast engin bleikja fyrr en komið er niður fyrir Húnstaði. Þar alast bleikjuseiði upp þar sem botngerðin er fín og straumur lítill svo sem er í lænum og kílum. Þar eru fæðudýrin smá og eins og fyrr sagði er hún dugleg við að nýta sér smá fæðudýr. Þetta eru líklega aðalega seiði sjóbleikju sem þarna finnast á takmörkuðum svæðum.

Urriði þarf að hrygna í straumvatni, en getur ýmist tekið út mesta vöxt sinn í ám, stöðuvötnum eða sjó (sjóbirtingur). Þetta er algeng tegund í Svínavatni. Hann gengur fyrst og fremst niður í Laxá til hrygningar. Þar dvelja seiðin í tvö til þrjú ár áður en þau ganga upp í vatnið. Urriðinn í Svínavatni vex afar hægt, tæpa 3 cm á ári. Hann lifir á skordýralirfum, og í vaxandi mæli á bleikjuseiðum og hornsílum þegar hann stækkar. Hann heldur sig fyrst og fremst meðfram ströndinni.

Þegar útfall vatnsins var stíflað og áður en fiskvegurinn var byggður fækkaði mjög urriða í vatninu, en hann hefur aukist aftur í seinni tíð.

Urriði er ríkjandi tegund í Efri Laxá. Þar eru góð uppeldis-skilyrði fyrir seiði og á lygna kaflanum eru skilyrði góð fyrir smáan og stóran urriða. Velgengni sína í Efri Laxá á urriðinn að þakka því að þar hrygna urriðastofnar tveggja stórra vatna, þ.e. Svínavatns og Laxárvatns auk þess sem skilyrði fyrir staðbundinn urriða eru góð þegar grýtta brotinu sleppir fyrir neðan útfall Svínavatns, og allt niður undir brú.

Bleikja getur ekki ógnað veldi urriðans í hlýrri og frjósamri á og hornsílið á þar litla möguleika því fyrir það er straumurinn og mikill. Hinsvegar gæti laxinn haft veruleg áhrif á viðgang urriðans í Efri Laxá. Laxinn myndi vinna í samkeppninni við urriða á flestum brotaköflum árinna ef hrygningarstofn hans væri nógu stór. Lélegar samgöngur við Neðri Laxá og mjög takmörkuð útbreiðsla lax á þessu svæði þýðir að lax hefur ekki náð að ógna urriðanum alvarlega þarna. Hlutföll urriða og lax gætu þó hæglega breyst, þótt líklega verði urriðastofninn ávallt mikilvægur á þessu svæði á meðan hann er sterkur í vötnunum.

Það er algengt þar sem urriði er í stöðuvötnunum að í þeim séu tveir eða fleiri aðskildir stofnar þar sem hrygningarskilyrði eru í fleiri en einni á sem tengjast vötnunum. Þannig eru sérstakir stofnar sem hrygna í ám sem falla í vatnið og leita seiði þeirra ávallt undan straumi til að ganga í stöðuvatn þar sem þau taka út vöxt sinn. Einnig hrygnir séstakur stofn í útfalli, séu skilyrði þar góð. Seiði af þeim stofni leita ávallt á móti straumi þegar hvötin til að ganga í stöðuvatn vaknar hjá þeim.

Eflaust var hér áður fyrri útfallshrygnandi stofn í Laxárvatni. Þegar vatnið var stíflað í sambandi við virkjunina 1933 gátu hvorki hrygningarurriði né seiði lengur gengið upp í vatnið. Þetta hefur verulega takmarkað þennan stofn.

Núna er það viðburður að urriðaseiði fáið í rafveiðum í Neðri Laxá þar til kemur niður undir Húnstaði. Í Húnavatni er urriða-/sjóbirtingsstofn og frá honum er smávegis hrygning neðst í Laxá.

Laxinn er ríkjandi tegund í Neðri Laxá. Fyrir virkjunina var einnig svávegins lax í Efri Laxá, en sá stofn hvarf með öllu þegar stíflan var gerð í útfall Laxárvatns. Árið 1960 var gerður fiskvegur í Laxárvatn og síðan hefur lax gengið frameftir en stofninn þar hefur ekki enn náð að festa sig í sessi. Lax getur gengið upp í Svínavatn og 1973 fundust í rafveiðum örfá laxaseiði í Sléttuá. Sléttuá og Svínadalsá eru þó líklega full kaldar og hrjóstrugar til að geta fósturað öflugan laxastofn.

Þótt laxastofninn í Efri Laxá sé enn smár benda rafveiðar á undanförunum árum til að hann sé heldur í sókn. Það vekur þó eftirtekt að á því svæði sem búast mætti við að skilyrði væru best, þ.e. á efsta kaflanum fyrir neðan útfall Svínavatns, er nánast ekkert seiðuppeldi. Þetta bendir til að starfrækslu vatnsmiðlunarinnar sé verulega ábótavant.

Laxaseiði sem alast upp í Efri Laxá dafna vel og ná gönguþroska á þremur árum, sum jafnvel eftir tveggja ára vist í ánni. Á göngu þeirra til sjávar má ætla að virkjunin sé þeim þrándur í Götu því eins og áður sagði fer mun meira vatn um virkjunina en fremsta hluta Neðri Laxár. Líklegt er að á göngu upp ána reyni margir þeir laxar sem ætli í Efri Laxá að fara um rafveituskurðinn. Þetta er vandamál hefur lengi verið mönnum ljóst, en tillögur sem Jón Kristjánsson gerði um úrbætur árið 1978 hafa ekki komist í framkvæmd.

Lax er ríkjandi tegund í Neðri Laxá. Fæðuskilyrði eru þar almennt góð og yfirleitt nóg af tiltölulega stórum fæðudýrum sem tryggja góðan vöxt stærri seiða. Við útfall Laxár úr Laxárvatni er vatnið hlýrra yfir veturinn en þegar neðar dregur. Þarna klekjast seiðin því fyrr í hrogn á vorin og vaxtartímabil seiðanna er lengra. Ferskvatnsdvöl seiða af þessu svæði er 2-3 ár en er um 3-4 ár þegar neðar dregur. Fyrir neðan rafveituskurðinn stýttist dvalartími seiða aftur í 2-3 ár. Þar sem botngerðin er finni neðar í ánni eru smærri fæðudýr aftur ríkjandi og fæðuöflun stærri seiða erfiðari. Þar lengist ferskvatnsdvöl laxaseiðanna aftur í 3-4 ár.

Flest bendir til að fyrri hluta aldarinnar, hafi urriði verið ríkjandi fremst í Neðri Laxá. Þar hrygndi þá stór stofn úr Laxárvatni og honum var hlíft við veiðum sem voru aðallega stundaðar með stórriðnum netum. Að sögn Gísla Pálssonar var af og til reynt að veiða með stöng á þessu svæði í kringum 1930 og þá var veiðin oftast nokkrir urriðatittir.

Við virkjunina 1933 og þegar stangveiði var tekin upp 1940 versnaði samkeppnisstaða urriðans til muna. Honum hafði áður nánast verið hlíft við veiðum, en veiðiálagið á laxinum var mikið. Reikna má með að með stangveiðinni hafi veiðiálagið á

urriða í Laxá aukist verulega (afætur) en að sama skapi minnkað á laxinum.

ÁLYKTANIR

Í Laxá eru skilyrði fyrir lax víðast mjög góð. Ferskvatnsdvöl seiða í ánni eru almennt styttri en í nærliggjandi laxám öðrum. Líklegasta skýringin á mikilli aukningu í laxgengd síðustu áratugina eru breytingar sem orðið hafa á samkeppnis- aðstöðu urriða og lax með tilkomu virkjunarinnar 1933 þar sem hún kom í veg fyrir að hrygningarurriði og urriðaseiði gætu gengið upp í Laxárvatn og þegar tekin var upp stangveiði 1940 í stað netaveiði áður. Við þá breytingu minnkaði veiðialagið á laxinum, en óx á urriðanum.

Þótt virkjunin hafi almennt styrkt stöðu laxins í Neðri Laxá gæti hún til lengri tíma litið haft neikvæð áhrif. Aukinn framburður jarðvegs vegna framræslu og minnkun og jöfnun rennslis um efsta hluta Neðri Laxár mun með tímanum fylla hylji og granda veiðistöðum. Þetta mætti lagfæra með vélum. Í versta falli gæti búsvæði laxaseiða einnig rýrnað eftir því sem botnefni yrði finni og þá gæti þurft að skapa verulegt flóð í ánni til að færa botngerð aftur til betri vegar.

Til að auka enn frekar laxgengd þyrfti að breyta frárennsli virkjunarinnar til að lax leitaði síður upp í það og tryggja lágmarksrennsli um farveg Laxár á öllum tímum. Þessu virðist nú vera ábótavant, einkum fyrir neðan Svínavatn. Í Efri Laxá eru víða ákjósanleg uppeldisskilyrði fyrir lax sem nýtast ekki sem slík, einkum vegna reksturs virkjunarinnar en einnig fyrir það að í Laxárvatni og Svínavatni eru sterkir urriða- stofnar sem hrygna í ánni.

Þrátt fyrir þær hættur sem laxastofninum eru búnar og hér hefur verið bent á er ekki ástæða til að ætla annað en Laxá á Ásum verði áfram meðal fremstu laxveiðiáa landsins um langan tíma enn.

HEIMILDIR

Ýmsir starfsmenn Veiðimálastofnunar hafa athugað lífríkið á vatnasvæði Laxár á Ásum með ýmsum hætti. Sumar þær upplýsingar sem safnað hefur verið eru enn óbirtar, en eftirfarandi skýrslur hafa verið gefnar út af Veiðimálastofnun.

Jón Kristjánsson	1978	Skoðunarferð um Laxá á Ásum 31/1 1978. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 3 bls.
Jón Kristjánsson	1983	Seiðarannsóknir í Laxá á Ásum 2/9 1982 Skýrsla Veiðimálastofnunar, 5 bls.
Tumi Tómasson	1986	Athugun á Laxá á Ásum 1985 10 bls.
Tumi Tómasson	1987	Laxá á Ásum 1986. VMST-N/87005 6 bls.
Tumi Tómasson	1988	Laxá á Ásum 1987. VMST-N/88013 7 bls.
Tumi Tómasson	1989	Laxá á Ásum 1988. VMST-N/89006X 7 bls.

Skýr89
Laxasum.bok